

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga, haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga þriðjudaginn 16. apríl 2013, kl. 17:00.

Örvar Marteinnsson formaður Héraðsnefndar setti fundinn bauð fundarmenn velkomna. Lagði formaður fram tillögu um Björn Steinar Pálmason sem fundarstjóra. Var það samþykkt samhljóða. Einnig lagði formaður fram tillögu um Þór Örn Jónsson sem fundarritara. Var það einnig samþykkt.

Skýrsla Héraðsráðs:

Örvar Marteinnsson formaður Héraðsráðs flutti skýrslu Héraðsráðs.

Fundarstjóri, góðir fundarmenn

Frá síðasta aðalfundi Héraðsnefndar hefur héraðsráð haldið 4 formlega fundi, en auk þess verið í miklum tölvupóstsamskiptum. Starfsemi héraðsráðsins hefur að mestu leyti snúist um starfsemi Byggðasafnsins og þar með Norska hússins og fjárhag þess. Stjórnarmeðlimir hafa reynt að vera nýjum forstöðumanni eins mikið innan handar eins og hægt hefur verið, en þetta var fyrsta ár Ölmú-Dísar í starfi og vil ég færa henni miklar þakkir okkar fyrir gott og faglegt starf. Ég tel það mikilvægt fyrir framtíð safnsins að vel verði eftir tillögum hennar tekið.

Bágt ástand Norska hússins hefur verið mikið til umræðu og segja má að efnahagslægðin sem við höfum verið í hafi ekki síst sett mark sitt á húsið. Síðustu ár hafa aðrir hlutir verið látnir ganga fyrir og er það að mörgu leyti skiljanlegt. Hins vegar er ljóst að ekki má lengur láta Norska húsið og starfsemi byggðasafnsins bíða og bera tillögur að fjárhagsáætlun það með sér. Það skilar engu lengur að halda öllu í járnum, ef sveitarfélögin vilja á annað borð reka byggðasafnið og frekari frestanir á framkvæmdum munu eingöngu koma í bakið á okkur. Við horfum nú nokkur ár fram í tímann og höfum gert drög að nokkurra ára áætlun og vonum að það geti dregið úr óvissu bæði byggðasafnsins og sveitarstjórnarfólks. Ég vona því að tillögnum verði vel tekið.

Það hefur óneitanlega sett mark sitt á starfsemi héraðsráðs að ekki hefur verið vitað hver framtíð Héraðsnefndar yrði, en á síðasta aðalfundi var komið af stað starfi sveitarstjórnanna við að ákveða framtíð héraðsnefndarinnar og þar með fyrirkomulags byggðasafnsins. Sveitarstjórnarnir hafa nú skilað af sér tillögum sínum og verða þær teknar fyrir hér á fundinum á eftir. Þykja mér tillögur þeirra skynsamlegar og hvet til samþykktar þeirra.

Annað starf héraðsráðs á síðastliðnu ári var aðallega vinna við fjallskilasamþykktina, sem ég hélt að hefði verið lokið á síðasta aðalfundi, en svo var þó aldeilis ekki. Við skiluðum af okkur í mars á síðasta ári og þá voru bændasamtökin búin að leggja blessun sína yfir samþykktina. Þá tók við langt og strangt ferli innan ráðuneytis landbúnaðarmála sem ég hélt að engan enda myndi taka og var ég í tölvupóstsamskiptum við ráðuneytið allt síðastliðið sumar. Urðu af þessu nokkur vandræði við gerð nýrrar markaskrár. Ekki voru þó athugasemdirnar alvarlegar og gekk ráðuneytisfólk að lokum svo langt í kímni sinni að óska eftir því að sveitarstjórnirnar tækju sérstaklega fyrir orðalagsbreytingu þar sem eitt orð var fært framfyrir annað. Hvort þetta er til marks um vinnuálag fólks í ráðuneytinu eða bara takmarkalaus kímningu verður hér látið liggja á milli hluta, en fjallskilareglugerðin var loks samþykkt í september.

Héraðsráð brást ennfremur við kröfu umhverfisráðuneytis um að tilnefna á ný fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd og að þessu sinni annars vegar karl og hins vegar konu. Lauk því máli svo að Erla Friðriksdóttir er nú aðalfulltrúi okkar í Breiðafjarðarnefnd og Ásgeir Gunnar Jónsson er til

vara. Um leið og ég óska Erlu góðs gengis vil ég þakka Ásgeiri, sem var okkar aðalfulltrúi og Trausta Tryggvasyni sem var til vara, fyrir þeirra góðu störf.

Um EarthCheck verkefnið, sem hefur verið vistað hjá Héraðsnefndinni er það auðvitað að segja að við hörmum fálæti stjórnvalda gagnvart verkefninu, þar sem mikið brautryðjendastarf hefur verið unnið. Það má telja í meira lagi undarlegt að stjórnvöld skuli draga sig svona mikið út úr slíku umhverfisverkefni, ekki síst þegar við völd er flokkur sem kennir sig sérstaklega við umhverfismál. Getur hver fyrir sig dregið af því ályktanir um það hversu mikið er í orði en lítið á borði í þeim efnum.

Ég mun nú hverfa úr Héraðsráði Snæfellinga. Sá tími sem ég hef unnið í héraðsráðinu hefur verið mjög lærdómsríkur bæði hvað varðar menn og málefni. Héraðsráðið hefur orðið að takast á við töluverðar ágjafir á síðustu árum og hefur í því sambandi reynt að sýna varfærni við reksturinn þannig að sem minnstur skaði yrði af fyrir sveitarfélögin. Ég vil þakka samstarfsfólki mínu fyrir þá þolinmæði sem mér hefur verið sýnd út af starfi mínu sem smábátaskipstjóri, en það hefur vissulega haft áhrif á störf mín fyrir Héraðsnefnd. Ég hef þó gefið allan þann tíma sem ég hef mögulega getað og reynt að hafa fundi á kristilegum tímum. Ég vil að lokum þakka ánægjulegt samstarf við starfsmenn Héraðsnefndar, héraðsráð og aðra nefndarmenn svo og bæjarstjóra og sveitarstjórnarmenn á Snæfellsnesi. Sérstaklega vil ég nefna Ölmú-Dís Kristinsdóttur, Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur og Þór Jónsson.

Kjör starfsnefnda fundarins:

Fjárhagsnefnd – Allsherjarnefnd

Fundarstjóri kynnti eftirfarandi tilnefningar frá stjórn sem voru samþykktar.

Í **Fjárhagsnefnd**, Kristinn Jónasson formaður.

Í **Allsherjarnefnd**, Gyða Steinsdóttir formaður.

Í **Kjörnefnd**, Björn Steinar Pálmason formaður.

Ofangreindir lýstir réttkjörnir þar sem aðrar tillögur bárust ekki. Fundarstjóri lýsti jafnframt yfir að öðrum fundarmönnum væri frjálst að sitja í nefndum eftir vali.

Lagðir fram reikningar og fjárhagsáætlanir:

Þór Örn Jónsson lagði fram og skýrði meðfylgjandi ársreikning Héraðsnefndar fyrir árið 2012 og lagði fram fjárhagsáætlanir 2013 fyrir Héraðsnefnd, Framkvæmdaráð, Héraðsráð og Bygðasafnið.

Ársreikningur Krambúðar fyrir almanaksárið 2012 var einnig lagður fram.

Sjá meðfylgjandi fylgiskjal. (Ársreikningur 2012)

Fundarstjóri vísaði ársreikningnum og fjárhagsáætlun til Fjárhagsnefndar.

Skýrslur nefnda og ráða:

Norska húsið skýrsla Ölmú-Dísar Kristinsdóttur forstöðumanns Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.

Sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

Skýrsla Theódóra Matthíasdóttir umhverfisfulltrúi Snæfellsness flutt af Hörpu Auðunsdóttur umhverfisfulltrúa Snæfellsness á meðan Theódóra er í barneignarfrí.

Harpa byrjaði á að gera grein fyrir ættum sínum og menntun, síðan flutti hún skýrslu Theódóru.

Umhverfisvottun Snæfellsness, EarthCheck Greinargerð um framgang verkefnisins árið 2012, lögð fram á aðalfundi Héraðsnefndar Snæfellinga þann 16. apríl 2013

Höfundur: Theódóra Matthíasdóttir, theo@nsv.is

Árið 2008 hlutu sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholtshreppur, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær, ásamt Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, umhverfisvottun Green Globe (nú EarthCheck) samtakanna sem umhverfismeðvitað samfélag sem ynni markvisst að úrbótum í umhverfismálum í átt til sjálfbærari starfshátta. Höfðu sveitarfélögin unnið umfangsmikla undirbúningsvinnu til fimm ára áður en vottun hlaut. Áfanginn vakti verðskuldaða athygli innan lands sem utan þar sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi eru þau fyrstu í Evrópu til þess að hljóta slíka vottun og fjórða samfélagið í heiminum öllum. EarthCheck eru viðurkennd samtök með öflugra ástralska háskóla sem bakhjarla. Þau eru einu samtökin sem fram til þessa hafa umhverfisvottað starfsemi sveitarfélaga, en þau votta einnig starfsemi fyrirtækja.

Úttekt og endurnýjun vottunar

Til þess að viðhalda vottuninni er krafist stöðugra úrbóta í umhverfis- og samfélagsmálum og árlega er svæðið tekið út af óháðum aðila vegna endurnýjunar á vottun. Árleg úttekt fór fram á Snæfellsnesi í desember í fyrra þegar Haukur Haraldsson, úttektaraðili, mætti á svæðið. Um var að ræða tveggja daga úttekt þar sem farið var yfir þau gögn sem þurfa að liggja fyrir til þess að úttekt fái auk þess sem Haukur heimsótti forsvarsmenn stóru sveitarfélaganna þriggja, starfsfólk og nemendur Lýsuhólsskóla og fiskvinnslufyrirtækið Sjávariðjuna sem var í þann mund að verða sér úti um MSC vottun. Í kjölfar heimsóknar Hauks fékkst umhverfisvottun Snæfellsness endurnýjuð fyrir árið 2013. Í þetta skiptið er um að ræða gullvottun frá EarthCheck, en hún er veitt eftir samfellda vottun í 5 ár.

Fjármál

Umhverfisvottunarverkefni Snæfellsness hlaut einnar milljón króna styrk úr styrkveitingasjóði umhverfisráðuneytisins auk einnar milljónar að auki af ráðstöfunarfé ráðherra fyrir árið 2012. Að öðru leyti var verkefnið kostað af sveitarfélögunum fimm sem fyrir því standa. Þeir fjármunir sem runnu til verkefnisins nýttust upp í launakostnað starfsmanns verkefnisins, en um 100% starf umhverfisfulltrúa var að ræða. Fjármunirnir voru enn fremur nýttir til þess að greiða skráningargjöld hjá vottunarsamtökum EarthCheck auk þess sem greiða þurfti fyrir komu úttektaraðila á svæðið. Hluti peninganna fór einnig í að greiða fyrir ráðgjafarþjónustu í

umhverfismálum auk þess sem breytingar á skiltum við innganginn á Snæfellsnes höfðu kostnað í för með sér.

Helstu verkefni

Töluleg gögn og aðrar nauðsynlegar skýrslur

Eins og undanfarin ár safnaði umhverfisfulltrúi tölulegum gögnum fyrir árlegt mat á frammistöðu sveitarfélaganna. Samhliða þeirri vinnu var rýnt í aðferðafræðina við gagnasöfnun og gæðastjórnunarhandbók breytt í samræmi við athugasemdir úttektaraðilans. Þar sem um frumkvöðlaverkefni er að ræða er sífellt unnið að þróun nýrra og betri aðferða við úrvinnslu verkefna.

Unnið var í starfsskýrslu Framkvæmdaráðs Snæfellsness fyrir tímabilið 2009-2012, en sú skýrsla hefur setið á hakanum síðustu ár. Vonir standa til þess að hún verði loks gefin út á vordögum. Vottunarsamtökin gera kröfur um að slík skýrsla liggja frammi fyrir áhugasama að skoða.

Ein af þeim kröfum sem vottunarsamtökin gera til sveitarfélaganna er að þau setji sér skýra og tímasetta framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn. Þar skulu útlistuð öll þau verkefni sem sveitarfélögin ætla að vinna að í átt að bættu umhverfi og samfélagi. Slík áætlun er ein af forsendum þess að vottun fái st. Framkvæmdaáætlunin er helsta leiðin til að stýra áherslum í verkefninu, þar sem hún segir til um hvaða undirverkefnum skuli vinna að á vegum umhverfisvottunarverkefnisins og þar af leiðandi hvers konar árangri verkefnið í heild skili. Til að styrkja grunn vottunarverkefnisins og stuðla að aukinni sátt um það ákvað Framkvæmdaráð Snæfellsness að endurskoða frá grunni uppbyggingu og framsetningu framkvæmdaáætlunar frá því sem áður var, m.t.t. fenginnar reynslu og þess fjármagns sem sveitarfélögin hafa yfir að ráða. Fyrsta skrefið að því markmiði var að leita álits sveitarstjórnarfólks og íbúa Snæfellsness með skoðanakönnun um þau áhersluatriði sem þeir telja mikilvægust í umhverfisvottunarverkefninu á næstu fimm árum. Niðurstöður þessara kannana liggja nú fyrir svo fljótlega verður hægt að stíga næstu skref.

Kynning og fræðsla

Heimasíða verkefnisins, www.nesvottun.is, var uppfærð frá grunni og opnuð formlega á Degi íslenskrar náttúru.

Umhverfisfulltrúi tók á móti tveimur nemendahópum frá kanadískum háskólum, sem báðir leggja stund á ferðamála- og sjálfbærnifræði. Fengu hóparnir kynningu á umhverfisvottun Snæfellsness en hún var meginástæða heimsóknar þeirra á svæðið. Hóparnir dvöldu báðir á svæðinu í nokkra daga og nýttu sér þá þjónustu sem hér er í boði. Hafa þeir báðir staðfest komu sína á Snæfellsnes á ný í maí næstkomandi.

Auk fræðslu til íbúa með svokölluðum umhverfismólum í bæjarblöðum sinnti umhverfisfulltrúi ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana sem íhuga umhverfisvottun á starfsemi sinni. Þar ber hæst Heilbrigðisstofnun Vesturlands, en stofnunin hefur hug á að fá starfsemi sína umhverfisvottaða, að því gefnu að slíkt vottunarkerfi sé til staðar.

Í samstarfi við Umhverfishóp Stykkishólms og Náttúrustofu Vesturlands stóð Framkvæmdaráð Snæfellsness fyrir málþingi sem bar heitið „*Vistvænni samgöngur*“ og var haldið í Stykkishólmi. Þar var fjallað um vistvænar samgöngur á Íslandi almennt auk þess sem möguleikar íbúa Snæfellsness hvað vistvæna orkugjafa varðar voru ræddir.

Umhverfisfulltrúa Snæfellsness var boðið að taka þátt í málstofu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbærnivottanir áfangastaða, sem haldin var í Stokkhólmi í september. Til ráðstefnunnar var boðið um það bil 15 sérfræðingum frá Norðurlöndunum og Þýskalandi. Þar var umhverfisvottun Snæfellsnes kynnt fyrir þátttakendum og reynslu frá svæðinu deilt. Þátttakendur voru sammála um það að Norðurlöndin ættu að stefna að því að

koma sér upp sínu eigin vottunarkerfi fyrir sjálfbæra áfangastaði. Ljóst er að við þróun slíks vottunarkerfis mun sú þekking og reynsla sem safnast hefur upp á Snæfellsnesi nýtast vel.

Styrkumsóknir

Nokkuð var um styrkumsóknir árið 2012 og bar vel í veiði. Um er að ræða styrki sem nýta skal í verkefni á vegum Framkvæmdaráðs Snæfellsness árið 2013.

Sótt var um styrk til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins fyrir verkefni sem kallað er „Átak til fjölgunar vottaðra ferðaþjónustuaðila“, fjöldi vottaðra ferðaþjónustuaðila á Snæfellsnesi er einn af þeim þáttum sem skoðaðir eru við hina árlegu úttekt. Sveitarfélögin hafa hingað til hlotið falleinkunn þegar að þessum þætti kemur og vonast er til þess að umræddur styrkur verði til þess að flétta ferðaþjónustufyrirtæki betur inn í umhverfsvottun sveitarfélaganna. Í verkefnið fengust 500.000 krónur.

Í samstarfi við umhverfishóp Stykkishólms var einnig sótt um styrk til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins fyrir svokallað „Plastpokaverkefni“ þar sem eftt verður til átaks um að draga úr plastpokanotkun á Snæfellsnesi. Í verkefnið fengust 150.000 krónur.

Einnig fékkst styrkur úr styrktarsjóði Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands. Sá styrkur er ætlaður til hönnunar og uppsetningar á upplýsingaskilti um umhverfsvottun Snæfellsness sem sett verður upp við Vatnaleið. Hönnun skiltisins er vel á veg komin og er stefnt að því að skiltið verði komið upp fyrir sumarið. Ætlunin er að nýta það sem afgangur verður af styrknum í prentun á plakötum með upplýsingum um verkefnið sem hægt verður að hengja upp í stofnunum sveitarfélaganna. Í verkefnið fengust 300.000 krónur.

Í samstarfi við Norska Húsið var sótt um styrk til Menningarráðs Vesturlands fyrir svokallaða „Græna sýningu“ í safninu í sumar, með möguleika á útfærslu sýningarinnar í önnur sveitarfélög á Snæfellsnesi. Sýningunni er ætlað að fræða gesti um sjálfbærni. Í verkefnið fengust 400.000 krónur.

Framkvæmdaráð Snæfellsness samþykkti þátttöku í samstarfsverkefni sem stýrt er að Fjórðungssambandi Vestfjarða, svokölluðu Watertrail verkefni. Þar er unnið að uppbyggingu sjálfbærra áfangastaða og megináhersla lögð á heitar laugar. Sótt var um styrk í IPA sjóð Evrópusambandsins fyrir umræddu verkefni og einungis verður ráðist í það ef slíkur styrkur fæst.

Nánasta framtíð

Auk þeirra styrkja sem upp eru taldir hér að ofan hlaust tveggja milljón króna styrkur af fjárlögum fyrir árið 2013 í rekstur umhverfsvottunarverkefnisins sjálfs. Um miðjan apríl fór Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi, í veikindaorlof og í framhaldinu í fæðingarorlof. Harpa Auðunsdóttir var ráðin til afleysingar til áramóta. Hún mun sinna þeim verkefnum sem fyrir liggja á næstu misserum. Auk hefðbundinnar umsýslu í kringum vottunina sjálfa og samskipti við vottunarsamtökin ber þar hæst að nefna gagngera endurskoðun á framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna. Auk þess mun hún sjá um að sinna þeim verkefnum sem styrkir hafa fengist í fyrir árið 2013. Við þetta bætast ýmis tilfallandi verkefni, en stefnt er að því að auka þátttöku íbúa í verkefninu og gera það sýnilegra.

Tillaga nefndar um framtíð Héraðsnefndar. Gyða Steinsdóttir gerði grein fyrir tillögu.

Nefnd bæjarstjóra og oddvita sveitarfélaganna á Snæfellsnesi hittist á fundi í Stykkishólmi, mánudaginn 11. mars 2013. Verkefni þeirra var að skila tillögum um framtíð héraðsnefndar og verkefni hennar til Héraðsnefndar.

Mættir voru: Gyða Steinsdóttir, Lárus Á. Hannesson, Björn Steinar Pálmason, Sigurborg Hannesdóttir, Guðbjartur Gunnarsson, Kristinn Jónasson og Jón Þór Lúðvíksson.

Tillaga nefndarinnar er að Héraðsnefndin haldi áfram sínum störfum. Framkvæmdaráð taki að sér fjárhagslega stjórn verkefna Héraðsnefndar, sem í dag eru rekstur héraðssafns og Earth Check umhverfissvottunarinnar. Fagleg nefnd taki til starfa sem starfi með forstöðumanni Héraðssafns Snæfellinga, Norska hússins.

Framkvæmdaráð, sem skipað væri bæjarstjórum stærri sveitarfélaganna og oddvitum minni sveitarfélaganna, myndi funda reglulega með starfsmönnum Earth check og Héraðssafns. Gert er ráð fyrir að fundir væru á 6 vikna fresti og forseta bæjarstjórna myndu sitja annan hvern fund.

Ávörp, fyrirspurnir og tillögur til fundarins:

Eftirtaldir tóku til máls: **Gyða, Örvar, Alma-Dís, Sigurborg, Gretar, Björn Steinar og Þór Örn.**

Starfsnefndir fundarins störfuðu frá 18:-19:15

Matarhlé frá 19:15-19:35

Svæðisgarður Snæfellinga – verkefni sveitarfélaga og samstarfsaðila Staða og nokkrir þættir – Björg Ágústdóttir.

- Svæðisskipulag – stefnumótun – vinnuhópar
 - SSK er hryggjarstykkið í vinnunni og það sem mest fer fyrir núna
 - Heilmikið efni sem hægt er að byggja á – margvíslegar upplýsingar um svæðið og einnig efniviður úr 3 vinnufundum 3ja vinnuhópa sem settir voru á laggirnar í tengslum við svæðisskipulagsvinnuna – um sérstöðu og tækifæri á Snæfellsnesi – mikið efni sem kom frá þeim hópum, enda fundum stillt þannig upp – og á grunni þessa efniviðar var sett upp beinagrind að stefnu sem ssk-nefnd vinnur nú að því að móta
 - nú er unnið að því að móta þá stefnu – NB: ssk-nefnd stýrir þeirri vinnu, en stýrihópur fundar ávallt með nefndinni og í stýrihópi sitja fulltrúar atv.lífsins á svæðinu – NB – vantar þó áberandi inn rödd útgerðar og fiskvinnslu sem æskilegt væri að tæki þátt í stefnumótuninni
 - Stefnan sú að ssk tillaga verði auglýst síðar á þessu ári og ssk verði staðfest innan árs
- Ungmennafundur: 2 fundir haldnir með ungu fólki af Snæfellsnesi í lok des. Og byrjun feb. sl. – það var gert af því að raddir yngra fólks vantaði nær alveg inní vinnu vinnuhópanna – hvernig horfir ungt fólk á svæðið okkar og hvaða tækifæri sér það hér? Niðurstaðan sú að ungt fólk er stolt af svæðinu og telur gott að alast hér upp, og vill gjarnan búa hér til framtíðar – ef það gæti. Mörg þeirra hafa hugmyndir um verkefni sem tengjast svæðinu, t.d. að halda tónleika eða listviðburði, hafa viðskiptahugmynd sem þau vildu vinna úr eða vilja einfaldlega eignast sterkara tengslanet og fræðast um svæðið. Samantekið: tel að það felist gott tækifæri til að tengja afrakstur og hugmyndafræði

svæðisgarðs við vinnu með ungu fólki. Í því gæti falist eitt besta tækifærið til að ýta undir að fólk nýti hæfileika sína til uppbyggingar á svæðinu.

- Hagsmunaaðilar: sl. haust var fundað með eigendum sérstaklega og einnig með ýmsum aðilum á svæðinu og á sameiginlegum fundi í nóvember 2012 var þeim kynnt verkefnið. Auk þess hefur verkefnið verið kynnt á fundum hjá félagasamtökum á svæðinu. Nú er aftur komið að því að eiga samtál við eigendurna sérstaklega, verkefnið hefur þróast og breyst, og þörf á að heyra í aðilum (t.d. samtökum atvinnugreina) og heyra í þeim hljóðið til að vinnan framundan verði enn markvissari. Björg verður í sambandi við sveitarstjórnir um fundi með þeim.
- Fjármögnun;
 - Fengum ekki Ipa-styrk
 - Munum sækja aftur um í Vaxtarsamning Vesturlands – en athugasemdir voru gerðar við fyrri umsókn
 - Hugmyndin um svæðisgarð er nýstárleg og hér eru Snæfellingar frumkvöðlar. Í „kerfinu“ er ekki til neinn „bás“ fyrir svona verkefni og „kerfið“ því ekki með það á hreinu hvernig skuli bregðast við verkefninu, bæði þar sem það er unnið að frumkvæði heimamanna og vegna þess að það er mjög þverfaglegt og tekur yfir breitt svið, t.d. marga málaflokka sem heyra undir ýmis ráðuneyti. Þar sem verkefnið hefur verið kynnt hlýtur það undantekningarlítið lof, en á þessum tímapunkti mætti viðurkenningin hinsvegar felast í fjárstuðningi.
- Vefsja – verkfærakista
 - BÁ sagði frá <http://svaedisgardur.is/atlas> - hluti af verkfærakistu svæðisgarðs, áfangi í verkefninu – byggir á því efni sem til er um svæðið – til að sýna möguleika á framsetningu og miðlun upplýsinga – Það þarf að eiga frekara samtál um hvaða „þemakort“ gætu nýst atvinnugreinum á svæðinu sem best.
- Heimsókn frá Noregi
 - Dagana 4.-6. maí nk. Fáum við í heimsókn á Snæfellsnesið Eivind Brenna – hann er stjórnarformaður í Foreningen Norske parker – samtök norskra svæðisgarða og einnig formaður stjórnar í Valdres svæðisgarðinum, þeim fyrsta í Noregi. Eivind er reyndur í sveitarstjórnarmálum. Nú gefst verkefniseigendum og Snæfellingum kostur á að hitta Eivind og spjalla við hann, spyrja hann út í reynslu Norðmanna og hlusta á hann segja frá.
- ... Dreifði nokkrum gögnum um svæðisgarðsvinnuna.

Afgreiðsla mála starfsnefnda fundarins.

Fjárhagsnefnd. Kristinn Jónasson formaður fjárhagsnefndar gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar.

Í fyrsta lagi er lagt til að fyrirbyggjandi ársreikningar fyrir árið 2012 verði samþykktir.

Ársreikningur samþykktur.

Lagði til að gjald fyrir hvern íbúa verði kr. í 3.159 kr. fyrir árið 2013.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Lagði til að fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Snæfellinga fyrir árið 2013 yrði samþykkt.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Lagði til að gjald fyrir hvern íbúa verði kr. í 3.159 kr. fyrir árið 2013 vegna Norska hússins.

Lagði til að aukagjald vegna fjárhagsáætlunar Framkvæmdaráðs Snæfellsness (EarthCheck verkefnið) verði allt að 1.366 kr. á íbúa. **(Sjá fylgiskjal).**

Samtals gjald til Héraðsnefndar Snæfellinga er því 4.525 fyrir hvern íbúa aðildarsveitarfélaga.

Samþykkt fjárhagsáætlunar Héraðsnefndar Snæfellinga fyrir árið 2013 (sjá fylgiskjal).

Til máls tók: Sigurborg.

Allsherjarnefnd.

Gyða Steinsdóttir formaður allsherjarnefndar fór yfir breytingar á samþykktum Héraðsnefndar Snæfellinga og voru þær samþykktar með áorðnum breytingum. (sjá fylgiskjal).

Til máls tóku: Gretar, Örvar og Gyða

Gyða Steinsdóttir formaður allsherjarnefndar las upp ályktanir og Björn Steinar Pálmason fundarstjóri fór yfir eftirfarandi ályktanir og voru þær samþykktar.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði 16. apríl 2013

fagnar því starfi sem unnið hefur verið við stofnun svæðisgarðs á Snæfellsnesi.

Svæðisgarðurinn er brautryðjendastarf sem markar tímamót í samstarfi og mótun framtíðarsýnar svæðisins. Svæðisgarðar eru þekktir víða í Evrópu sem mikilvæg stoð í atvinnuuppbyggingu þar sem sérstaða og landkostir svæða hafa verið nýttir á markvissan hátt til að auka verðmætasköpun og fjölbreytni í atvinnulífi og til að styrkja byggð. Fundurinn hvetur stjórnvöld til að styðja dyggilega við þetta mikilvæga verkefni.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði 16. apríl 2013

hvetur eindregið til aukningar aflaheimilda í síld, þorski, ýsu, gullkarfa og ufsa í ljósi mikillar fiskgengdar og góðs ástands á lífríki sjávar.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði 16. apríl 2013 telur mikilvægt að stutt verði áfram við það brautryðjendastarf í umhverfismálum sem unnið er með sjálfbærnivottun Snæfellsness. Fundurinn harmar mjög að framlög stjórnvalda hafi dregist verulega saman.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði 16. apríl 2013 fagnar uppbyggingu Varar- sjávarrannsóknarseturs við Breiðafjörð, Háskóla- og Náttúrustofu Vesturlands á sviði rannsókna, annars vegar á lífríki Breiðafjarðar og hins vegar á lífríki Snæfellsness. Mikilvægi aukinnar þekkingar á þessum sviðum er ómetanlegt fyrir undirstöður atvinnulífs í landinu og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Aðalfundurinn hvetur stjórnvöld til að styðja myndarlega við þá uppbyggingu rannsóknarsetra og háskóla- og náttúrustofa sem á sér stað á Snæfellsnesi. Fundurinn mótmælir harðlega niðurskurði framlaga ríkisins til Náttúrustofa á landsbyggðinni.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði 16. apríl 2013 hvetur stjórnvöld til að leita í auknum mæli til rannsóknarsetra á Snæfellsnesi til að vinna rannsóknarverkefni í nærumhverfinu, meðal annars með vísan í síldardauðann í Kolgrafafirði.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði 16. apríl 2013 lýsir ánægju sinni með gott starf Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla og annað safnastarf á Snæfellsnesi. Nauðsynlegt er að hlúa vel að safnamálum svæðisins og auka samstarf safna á Snæfellsnesi.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði 16. apríl 2013 leggur til að unnið verði að því að Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull verði sjálfstæð stofnun og henni tryggt nægjanlegt fjármagn til rekstrar og uppbyggingar. Gerð verði samræmd verndunar- og nýtingaráætlun. Sérstaða þjóðgarðsins er þýðingarmikil fyrir ferðaþjónustu og gjaldeyrissköpun þjóðarinnar. Þjóðgarðurinn skipar mikilvægan sess í umhverfisverndarstarfi á Snæfellsnesi.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði 16. apríl 2013 leggur þunga áherslu á að ferjusiglingar yfir Breiðafjörð verði eflar og þessi samgönguleið tryggð áfram yfir vetrarmánuðina m.a. til þess að efla ferðaþjónustu, skóla, atvinnulíf og þjónustu við íbúa á Snæfellsnesi og á Vestfjörðum.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði 16. apríl 2013 leggur ríka áherslu á að stjórnvöld standi betur vörð um grunnþjónustu í heilbrigðismálum á Snæfellsnesi og að nærþjónusta við íbúa svæðisins verði bætt.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði 16. apríl 2013 telur mikilvægt að standa vörð um sjálfstæði Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Skólinn hefur gerbreytt búsetuskilyrðum og atvinnuþróun á starfssvæði sínu og skiptir

sveitarfélögin á Snæfellsnesi miklu máli.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði 16. apríl 2013

leggur áherslu á að stöður lögreglumanna verði fullmannaðar á Snæfellsnesi svo unnt sé að tryggja viðunandi öryggi íbúa á svæðinu.

Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði 16. apríl 2013

skorar á ríkisstjórnina til að jafna orkukostnað til húshitunar óháð búsetu.

Gyða Steinsdóttir formaður allsherjarnefndar gerði grein fyrir tillögu um breytingar á stofnskrá Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.

Tillaga:

Aðalfundur Héraðsnefndar felur Framkvæmdaráði Snæfellsness að gera nauðsynlegar breytingar á stofnskrá Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Björn Steinar Pálmason formaður kjörnefndar gerði grein fyrir tillögu kjörnefndar.

Kjörnefnd tillaga:

Sveitarfélögunum er falið að tilnefna tvo fulltrúa hverju í stjórn Byggðasafns Snæfellinga-og Hnappdæla, einn af hvoru kyni. Framkvæmdaráð skipi aðal-og varamenn í stjórn á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund Héraðsnefndar og gæti að jöfnu kynjahlutfalli. Stjórn Byggðasafnsins velji sér formann.

Breytingartillaga Örvars:

Sveitarfélögunum er falið að tilnefna tvo fulltrúa hverju í stjórn Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla, einn aðalfulltrúa og annan til vara. Framkvæmdaráð skipi aðal-og varamenn í stjórn á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund Héraðsnefndar. Stjórn Byggðasafnsins velji sér formann.

Breytingartillaga samþykkt

Til máls tóku: **Björn Steinar, Örvar, Gretar, Alma Dís og Sigurborg.**

Kosning formanns Framkvæmdaráðs Snæfellsness. Björn Steinar stakk upp á Gyðu Steinsdóttur sem formanni og var það samþykkt samhljóða.

Til máls tók: Sigurborg

Björn Steinar Pálmason þakkar fundarmönnum þátttöku í fundinum og fól nýkjörnum formanni Framkvæmdaráðs Snæfellsness að slita fundi.

Gyða Steinsdóttir þakkar fyrir kosninguna og þakkar öllum starfsmönnum fundarins fyrir vel unnin störf og segir fundi slitið kl:20:50.

Skráðir þátttakendur :

Berglind Axelsdóttir, Stykkishólmi
Gyða Steinsdóttir, Stykkishólmi
Gretar D. Pálsson, Stykkishólmi
Guðbjartur Gunnarsson, Eyja- og Miklaholtshreppi
Harpa Auðunsdóttir, Stykkishólmi
Kristján Þórðarson, Snæfellsbæ
Eyþór Garðarsson, Grundarfirði
Þórður Magnússon, Grundarfirði
Björn Steinar Pálmason, Grundarfirði
Björg Ágústsdóttir, Grundarfirði
Ásthildur Erlingsdóttir, Grundarfirði
Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ
Jón Þór Lúðvíksson, Snæfellsbæ
Kristjana Hermannsdóttir, Snæfellsbæ
Lárus Á. Hannesson, Stykkishólmi
Egill V. Benediktsson, Helgafellssveit
Sigurborg Kr. Hannesdóttir, Grundarfirði
Alma-Dís Kristinsdóttir, Stykkishólmi
Örvar M. Marteinson, Snæfellsbæ
Þór Örn Jónsson, fundarritari, Stykkishólmi